

Samgöngubætur og byggðapróun

Félagsleg, efnahagsleg og menningarleg áhrif

Héðinsfjarðarganga á mannlíf á norðanverðum Tröllaskaga

Póroddur Bjarnason

Háskólanum á Akureyri

thoroddur@unak.is

Þegar Héðinsfjarðargöngin voru tekin í notkun haustið 2010 tengdust Ólafsfjörður og Siglufjörður með innanbæjarakstri, jafnframt því sem láglandisleið opnaðist milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar sem jók samgönguöryggi og tengdi Mið-Norðurland sterkari samgönguböndum. Í mati á samfélagsáhrifum Héðinsfjarðarganga frá árinu 2001 eru sérstaklega færð fyrir því rök að göngin muni styrkja Eyjafjarðarsvæðið sem vaxtarsvæði og sem mótvægi gagnvart höfuðborgarsvæðinu. Með göngunum verði til samfelld atvinnusvæði sem ná frá Akureyri til Siglufjarðar með ríflega 20 þúsund íbúum. Það geti meðal annars leitt til fjölbreyttari starfa og minna atvinnuleysis, hærra launa, lægra vöruverðs og fjölbreyttari verslunar og þjónustu, auk þess sem margvísleg ný tækifæri skapist í ferðaþjónustu á Norðurlandi.

Markmið þessa verkefnis er að leggja heildstætt mat á þessar breytingar og auka skilning á áhrifum stórfamkvæmda í vegagerð almennt. Framkvæmd þess var í höndum rannsóknahóps við Háskólann á Akureyri með fjárhagslegum stuðningi Rannsóknasjóðs Vegagerðarinnar. Verkefnið hófst haustið 2008 en gagnasöfnun vegna mats á skammtímaáhrifum ganganna lauk haustið 2013. Reiknað er með því að langtímaáhrifin verði metin árið 2020 þegar tíu ár eru liðin frá opnun ganganna. Gagnasöfnunin byggir á fjölpætri aðferðafræði, þ.m.t. gögnum úr umferðarteljrum Vegagerðarinnar, umferðarkönnunum, spurningalistum meðal íbúa Fjallabyggðar og brottfluttra íbúa, könnunum meðal ferðamanna, rýnihópum og viðtölum, jafnframt því sem gerð hafa verið manntöl til að meta hlutabúsetu og umfang frístundahúsnæðis í Fjallabyggð.

Fyrstu niðurstöður sýna mikinn mun á umferð um Héðinsfjarðargöngin að sumri og vetri. Á sumrin eru vegfarendur hvaðanæva af landinu, en flestir þó frá höfuðborgarsvæðinu, Fjallabyggð, Akureyri eða erlendir ferðamenn. Á veturna er yfirgnæfandi meirihluti vegfarenda um göngin frá Fjallabyggð þótt Akureyringar séu einnig allnokkrir í þeirra hópi. Með ákveðinni einföldun má því segja að Héðinsfjarðargöngin þjóni öllum landsmönnum að sumarlagi en íbúum Mið-Norðurlands og einkum Fjallabyggðar að vetri.

Íbúar Ólafsfjarðar og Siglufjarðar sækja í vaxandi mæli vinnu milli byggðakjarnanna en litlar vísbendingar eru um aukna atvinnusókn annars staðar í Eyjafirði eins og vonast hafði verið til. Hins vegar er umtalsverð þjónustusókn milli byggðakjarnanna og til annarra þéttbýlisstaða í Eyjafirði. Bæði Ólafsfirðingar og Siglufirðingar sækja oftast þjónustu til Akureyrar og hefur þjónustusókn Siglufirðinga til Akureyrar tvöfaldast með tilkomu ganganna. Hins vegar hefur dregið úr þjónustusókn Ólafsfirðinga til Akureyrar þótt enn sé hún meiri en Siglufirðinga. Siglufirðingar sækja oftast þjónustu til Dalvíkur en Ólafsfirðingar sjaldnar. Meðal Ólafsfirðinga er þjónustusókn til Dalvíkur þó enn ívið meiri en meðal

Siglfirðinga. Fyrstu áhrif Héðinsfjarðarganganna virðast því vera þau að Fjallabyggð sé í vaxandi mæli eitt atvinnusvæði og Eyjafjörður eitt þjónustusvæði.

Fyrir opnun Héðinsfjarðarganga var aldurs- og kynjasamsetning Fjallabyggðar afar óhagstæð í lýðfræðlegu tilliti. Íbúar á aldrinum 20-40 ára voru hlutfallslega fáir og átti það sérstaklega við um ungar konur. Þótt frjósemi væri svipuð landsmeðaltali fór börnum í Fjallabyggð því ört fækkandi. Eftir opnun ganganna hefur samsetning mannfjöldans jafnast. Konum á barneignaaldri og ungum börnum hefur fjölgað nokkuð en fækkað hefur í þeim hópum sem voru hlutfallslega fjölmennastir. Mjög hefur hægt á öldrun mannfjöldans og hlutfall kynjanna jafnast að fullu. Kannanir sýna að áhugi íbúa á aldrinum 26-40 ára á áframhaldandi búsetu í Fjallabyggð hefur aukist en staðið í stað í öðrum aldurshópum. Manntal sem gert var fyrir opnun Héðinsfjarðarganganna benti til þess að íbúafjöldi Fjallabyggðar væri oftalinn í gögnum Hagstofunnar. Þessi skekkja virðist hafa minnkað eftir opnun ganganna og þótt íbúum með lögheimili hafi fækkað frá opnun ganganna hefur fjöldi þeirra sem þar hafa fasta búsetu staðið í stað. Því virðist sem fólksfækkun hafi í raun stöðvast í Fjallabyggð þótt tölur Hagstofunar gefi einungis til kynna að hægt hafi á henni.

Skammtímaáhrif Héðinsfjarðarganga hafa að flestu leyti verið í samræmi við væntingar. Fjallabyggð er í vaxandi mæli eitt atvinnusvæði og Mið-Norðurland hefur styrkst sem eitt öflugt þjónustusvæði. Fólksfækkun virðist hafa stöðvast að mestu og samsetning mannfjöldans hefur batnað frá lýðfræðilegu sjónarmiði. Meðal yngra fullorðins fólks er jafnframt aukinn áhugi á framtíðarbúsetu í Fjallabyggð. Væntingar um að Eyjafjörður yrði eitt atvinnusvæði með opnun ganganna virðast ekki hafa gengið eftir enn sem komið er.